

Skólareglur

- Nám** er vinna nemenda og til þess að sú vinna skili árangri ber sérhverjum nemanda að taka tillit til annarra og virða vinnufrið í kennslustundum. Nemendur skulu stunda námið af samviskusemi og sinna heimanámi skv. fyrirmælum kennara. Er það á ábyrgð þeirra sjálfra og foreldra að því sé sinnt.
- Heimili** og skóla ber að brýna stundvísi fyrir börnum. Nemendum ber að mæta stundvíslega í skólann með þau gögn og áhöld sem til er ætlast, þar með talin íþróttaföt og sundföt. Verði forföll ekki tilkynnt samdægurs af forráðamanni nemanda verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Öll leyfi þarf að sækja um rafrænt með viku fyrirvara á Mentor. Forráðamaður skal sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan leyfi stendur yfir.
- Við** göngum snyrtilega um skólann og skólalóðina. Ætlast er til að nemendur fari út á leikvöll í stundahléum og þar mega ekki aðrir leikir fara fram en þeir sem teljast hættulausir í margmenni. Háreysti og hlaup á göngum eru bönnuð. Notkun reiðhjóla, hjólabretta og línuskauta er bönnuð á leikvelli í stundahléum. Snjókast í frímínútum er óheimilt, nema á ákveðnu svæði á skólalóðinni og með samþykki þeirra sem taka þátt. Notkun snjalltækja er með öllu óheimil í búningsklefum, að öðru leyti vísast í „Reglur um snjalltæki nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar“. Nemendur eiga ekki að fara út af skólalóð á skólatíma án heimildar. Óheimilt er að vera með sælgæti og gosdrykki/orkudrykki á skólatíma, nema við sérstök tækifæri.
- Nemendur** eiga ekki að hafa með sér peninga eða önnur verðmæti í skólann að þarflausu. Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum nemenda.
- Skólinn** útvegar nemendum nauðsynlegar kennslubækur þeim að kostnaðarlausu. Nemendur og forráðamenn þeirra bera ábyrgð á þessum gögnum og verða að kaupa nýjar bækur ef þær glatast eða skemmast á einhvern hátt. Ritföng til notkunar í skólanum eru nemendum að kostnaðarlausu.
- Notkun** tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er alltaf stranglega bönnuð í og við skóla og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Umsjónarkennarar** skulu fjalla um skólareglur skólans með nemendum sínum sem og að kynna forráðamönnum reglurnar. Skólareglur Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

- Ekkert ofbeldi né einelti.
- Engin vopn né vímuefni.
- Engar ógnanir, ögranir eða hótanir við neinn í skólasamfélaginu.
- Engin skemmdarverk eða þjófnaðir.
- Engin mismunun, t.d. vegna uppruna, fötlunar, kyns o.s.frv.

Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli

